

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag Háls, Grundarfjarðarbæ.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar þann 28. janúar 2011 deiliskipulag Háls, Grundarfirði. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir gripahúsi, íbúðarhúsi og léttri skemmu að Hálsi 1 og lóð fyrir frístundarhús norðan Snæfellsnesvegur. Sunnan vegar er gert ráð fyrir tveimur lóðum en þar er heimilt að byggja íbúðarhús, hesthús og smáhús. Innan byggingarreits fyrir gripahús má byggja tvær allt að 360 m<sup>2</sup> skemmur, auk tengibyggingar, en hesthús og létt skemma mega vera allt að 130 m<sup>2</sup>. Íbúðarhús mega vera allt að 240 m<sup>2</sup>, á einni hæð, en smáhúsi allt að 50 m<sup>2</sup>.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Grundarfirði, 13. apríl 2011.*

**Smári Björnsson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 29. apríl 2011